

Sveitarfélagið Hornafjörður
Brynja Dögg Ingólfssdóttir
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 10.1.2022
UST202112-160/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Þjónustusvæði í Skaftafelli - Sveitarfélagið Hornafjörður

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagsstjóra sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 15. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á deiliskipulagi fyrir þjónustusvæði í Skaftafelli í sveitarfélaginu Hornafirði.

Í greinargerð kemur fram að vegna vaxandi fjölda ferðamanna hyggst Vatnajökulsþjóðgarður leggja fram tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir þjónustusvæðið í Skaftafelli þar sem framtíðar fyrirkomulag mannvirkja og aðstöðu verður skoðað.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að í Sandaseli verði lítil íbúðaþyrping, sölubásar og aðstaða fyrir starfsfólk, afmarkaðir byggingarreitir vegna aukins húsrýmis gestastofu og sett verði stefna um yfirbragð og tilgreint hvaða mannvirki verði í Heiðinni, þ.m.t. mögulegar nýbyggingar eða viðbyggingar.

Í lýsingunni kemur fram að í tillögunni þarf að skoða svæði fyrir húsbíla og ferðavagna, flæði ökutækja og gangandi og hvernig gestum er leiðbeint um svæðið og aðgengi ólíkra ferðamáta um þjónustusvæðið eins og gangandi, hjólandi, hreyfihamlaða og farartækjum viðbragðsaðila. Í lýsingunni kemur fram að í tillögunni verður reynt að tryggja að fjallasýn sé óskert á fjölförnum stöðum innan þjónustusvæðisins og skilgreindir staðir þar sem útsýni eða aðra upplifun er að hafa. Sett verða ákvæði um yfirbragð mannvirkja og gróðurs. Búast má við að gróður verði notaður eftir sem áður til að afmarka reiti með ólík hlutverk innan svæðisins.

Í svörum sveitarfélagsins 10. janúar sl. kemur einnig fram að gera má ráð fyrir að mat á umhverfisáhrifum muni fyrst og fremst beinast að vistkerfum, jarðmyndunum og minjum en aðrir þættir kunna að bætast við ef efni tillögunnar gefur tilefni til.

Efni lýsingar - Umhverfisáhrif

Umhverfisstofnun bendir á að í 5.2.3. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, þar sem fjallað er um efni lýsingar, segir að í lýsingu skal gerð grein fyrir þeim þáttum í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til, m.a. (f) hvernig staðið verði að umhverfismati deiliskipulagsins skv. 5.4. gr.

Í greinargerð lýsingar segir: „Gerð verður grein fyrir umhverfisáhrifum nýs skipulags í samræmi við gr. 5.4. í skipulagsreglugerð.“

Umhverfisstofnun bendir á að þó svo að hluta til snúist endurskoðað skipulag um innbyrðis fyrirkomulag á þjónustusvæði þá gerir tillagan m.a. ráð fyrir auknum fjölda ferðamanna, stækkun gestastofu, íbúðaþyrpingu og sölubásam og því mikilvægt að það komi fram í lýsingu hvaða umhverfisþættir verða skoðaðir og metnir í tillögunni svo að stofnunin geti veitt umsögn, komið með ábendingar og tekið afstöðu varðandi umhverfisþættina.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur